

Útskýring á erfðum litaafbrigða í Labrador Retriever

Kóði (hástafur ríkjandi eiginleiki, lágstafur víkjandi eiginleiki):

BB = svartur labbi, ekkert brúnt gen

Bb = svartur labbi sem ber brúnt gen (svart ríkir yfir brúnu)

bb = brúnn labbi, hefur ekki svart gen

Gulur litur orsakast af víkjandi geni sem í tveimur eintökum (arfhreinn) kemur í veg fyrir tjáningu svartra eða brúnna gena.

EE = gult gen ekki til staðar

Ee = ber gult en tjáir dökkan lit og er annað hvort svartur eða brúnn

ee = gulur labbi

semsagt...

BBEE = svartur sem ber ekki aðra liti

BbEE = svartur sem ber brúnt

BBEe = svartur sem ber gult

BbEe = svartur sem ber brúnt og gult

BBee = gulur sem ber svart en ekki brúnt

Bbee = gulur sem ber brúnt

bbEE = brúnn sem ber ekki gult

bbEe = brúnn sem ber gult

bbee = brúnn sem er gulur ásýndum því hann tjáir ekki dökkan lit (Dudley)*

*Dudley (bbee) er gulur Labrador sem tjáir ekki dökkt litarefni og telst það vera litagalli, sem getur valdið 0 einkunn í sýningahring. Þessi galli hefur engin áhrif á heilsufar. Nef, þófar, varir og augnaumgjarðir eru brúnar eða bleiklitaðar og

munu aldrei dökkna eða verða svartar. Augun eru einnig oft ljósari. Dudley Labrador er afleiðing þess að gulur hundur (ee) erfir tvö sett af brúnum genum (bb). Tæknilega mætti því segja að Dudley sé „brúnn hundur í gulum feldi“. Sé hvolpur ekki farinn að sýna svart litarefni upp úr 2 vikna aldri eru allar líkur á að það muni aldrei gerast. Það er hinsvegar ekki óalgengt að nef á eldri gulum hundum fölni og er það oft kallað „vetrarnef“ og ber að varast að rugla því saman við Dudley.

Til þess að komast hjá að hvolpar fái þennan galla þarf að forðast að blanda saman gulum og brúnum genum. Ef vitað er að annað ræktunardýrið ber bæði gulan og brúnan lit þarf að gæta þess að hitt sé ekki eins því þá verður fjórðungur hvolpanna Dudley. Í mörgum tilfellum má með einfaldri skoðun á ættartölum ræktunardýra útiloka að þetta gerist, en ef hætta er á að einstaklingar séu arfblandnir um gulan eða brúnan lit má ganga úr skugga um hvort svo er með erfðagreiningu.

Mögulegar arfgerðir:	Svartur	Svartur ber gult	Svartur ber brúnt	Sv. ber br&gu	Brúnn	Brúnn ber gult	Gulur ber brúnt	gu. ber sv&br	Gulur ber svart
	BBEE	BBEe	BbEE	BbEe	bbEE	bbEe	bbee	Bbee	BBee
BBEE = BLACK	1/1 BBEE								
BBEe = Black (ber gult)	1/2 BBEE 1/2 BBEe	1/4 BBEE 1/2 BBEe 1/4 BBEe							
BbEE = Black (ber brúnt)	1/2 BBEE 1/2 BbEE	1/4 BBEE 1/4 BBEe 1/4 BbEE 1/4 BbEe	1/4 BBEE 1/2 BbEE 1/4 bbEE						
BbEe = Black (ber brúnt og gult)	1/4 BBEE 1/4 BBEe 1/4 BbEE 1/4 BbEe	1/8 BBEE 1/4 BBEe 1/8 BBEe 1/8 BbEE 1/4 BbEe 1/8 Bbee	1/8 BBEE 1/8 BBEe 1/4 BbEE 1/8 BbEe 1/8 bbEE 1/8 bbEe	1/12 BBEE 1/6 BBEe 1/12 BBee 1/12 BbEE 1/6 BbEe 1/12 Bbee 1/12 bbEE 1/6 bbEe 1/12 bbee					
bbEE = CHOCOLATE	1/1 BbEE	1/2 BbEE 1/2 BbEe	1/2 BbEE 1/2 bbEE	1/4 BbEE 1/4 BbEe 1/4 bbEE 1/4 bbEe	1/1 bbEE				
bbEe = Chocolate (ber gult)	1/2 BbEE 1/2 BbEe	1/4 BbEE 1/2 BbEe 1/4 Bbee	1/4 BbEE 1/4 BbEe 1/4 bbEE 1/4 bbEe	1/8 BbEE 1/4 BbEe 1/8 Bbee 1/4 bbEE 1/4 bbEe 1/8 bbee	1/2 bbEE 1/2 bbEe	1/4 bbEE 1/2 bbEe 1/4 bbee			
bbee = Yellow [with pink skin pigment] (ber brúnt) "Dudley"	1/1 BbEe	1/2 BbEe 1/2 Bbee	1/2 BbEe 1/2 bbEe	1/4 BbEe 1/4 Bbee 1/4 bbEe 1/4 bbee	1/1 bbEe	1/2 bbEe 1/2 bbee	1/1 bbee		
Bbee = Yellow [with normal skin pigment] (ber svart og brúnt)	1/2 BBEE 1/2 BbEe	1/4 BBEE 1/4 BBEe 1/4 BbEE 1/4 Bbee	1/4 BBEE 1/2 BbEE 1/4 bbEE	1/8 BBEE 1/8 BBEe 1/4 BbEE 1/4 Bbee 1/8 bbEE 1/8 bbee	1/2 BbEe 1/2 bbEe	1/4 BbEe 1/4 Bbee 1/4 bbEe 1/4 bbee	1/2 Bbee 1/2 bbee	1/4 BBee 1/2 Bbee 1/4 bbee	
BBee = Yellow [with normal skin pigment] (ber svart)	1/1 BBEE	1/2 BBEE 1/2 BBEe	1/2 BBEE 1/2 BbEE	1/4 BBEE 1/4 BBEe 1/4 BbEE 1/4 Bbee	1/1 BbEe	1/2 BbEe 1/2 Bbee	1/1 Bbee	1/2 BBee 1/2 Bbee	1/1 BBee